

121 28. júlí. ríður á, að verði fylgt fram með strangleika, að kyrrsetja skipið meðan á rannsókninni stendur og jafnvel þangað til málið er útkljáð, einkum ef skipið á ekki heima hjer á landi, og því er hætt við, að skipið komist undan allri ábyrgð, ef því er sleppt. Hins vegar getur lögreglustjóranum ekki borið vald til að hepta ferðir skipa þeirra, er hafa orðið sek í lagabroti eða óreglu fram yfir þann tíma, er nauðsynlegur er til að útkljá mál þau, er rísa af slíkri óreglu.

122 28. júlí. — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um vitagjald.* — Út af fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, um skilning á orðunum «fram hjá Reykjanesi» í 1. gr. laga um vitagjald frá 10. oktbr. f. á. vil jeg tjá yður það er nú segir:

1. Eg verð að álita öll þau skip skyld til að greiða vitagjald sem koma hingað frá útlöndum fyrir sunnan og vestan land án tillits til þess, hvort þau hafa á leið sinni sjeð Reykjanes eða vitann á því.

2. Af skipum þeim, sem koma norðan um land og ekki hafa síðan á fiskiveiða-ferðum eða öðrum ferðum farið suður fyrir Reykjanes, er engin heimild til að heimta vitagjald, nema því að eins að það sje ljóst við afgreiðslu slíkra skipa, að þau ætli suður fyrir Reykjanes.

123 28. júlí. — *Brief landshöfðingja til póstmeistara um týnda póstsendingu.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 21. f. mán. ritað mjer á þessa leið: «Í þóknalegu brjefi frá 13. apríl þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá því, að þegar norðanpósturinn kom til Reykjavíkur 25. janúar þ. á. hafi í póstsendingar þær, er fara áttu á pósthúsið þar, vantað ljereptspoka merktan P. B. með 200 kr. í gulli í, er sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu hafði afhent póstafrgreiðslunni á Seyðisfirði, og sem átti að fara til yðar, og hafi það ekki heppnast síðan að spyrja uppi sendingu þessa, og skjótið þjer nú spurningunni um endurgjaldsskyldu póststjórnarinnar í þessu tilliti undir úrskurð ráðgjafans.

Fyrir því undanfelli jeg ekki að tjá yður þjónustusamlega til þóknlegrar leiðbeiningar og frækari ráðstafanar, að hina glötuðu sendingu ber samkvæmt 13. gr. tilsk. um póstmál á Íslandi frá 26. febr. 1872 að endurgjalda þeim, er afhenti hana, og ber að taka endurgjald þetta af fje því, sem veitt er með 11. gr. 3 fjárlaganna.

Í sambandi hjer með skal eigi látið undan falla að vekja athygli yðar, herra landshöfðingi, á hinn óhaganlegu meðferð, er hin glataða peningasending hefir orðið fyrir af hendi póstafrgreiðslumannsins í Seyðisfirði, þar eð hann hefir fest ljereptspoka þann er peningarnir voru í, í eitt horn pósttöskunnar, og segir nefndur póstafrgreiðslumaður, að þetta fyrirkomulag sje föst regla hjá sjer. Út af þessu, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að hlutast til um, að brýnt verði fyrir hlutaðeigandi póstmönnum að gæta hinnar nauðsynlegu varfærni í meðferð sinni á peningasendingum og öðrum áriðandi smásendingum, og skal í þessu tilliti tekið fram, að það virðist haganlegast, að búa um slíkar sendingar í litlum kassa úr trje eða pjátri, áður en þær eru látnar í póstpokann, því annars er hætt við, að þær glatist úr póstpokanum, þegar gat kemur á hann af sliti.»

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra póstmeistari, til þóknlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni vil jeg þjónustusamlega skora á yður að hlutast til um, að póstafrgreiðslumenn hafi eptirleiðis sjerstakar umbúðir úr trje, pjátri eða öðru hentugu efni utan um allar peninga og ábyrgðarsendingar, svo að ekki verði hætt við, að póststjórnin verði opt-

ar fyrir slíkum skaða og þeim, er hjer ræðir um. Loksins eruð þjer þeðnir að greiða **123**
 mjer sem móttökumanni umræddrar peningasendingar upphæð hennar með 200 kr. og **28. júlí.**
 rita upphæð þessa milli annara útgjalda í reikning yðar fyrir gjöldum póststjórnarinnar
 á þessu ári.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um vitagjald og af- 124*
 greiðslugjald af skipum. — Í brjefi frá 3. þ. m. hafið þjer herra sýslumaður spurt **28. júlí.**

1, hvort útlend fiskiskip og póstgufuskip, er fara kringum landið og því optar
 en 2svar sinnum fara fram hjá vitanum á Reykjanesi eigi að greiða vitagjald optar en
 einu sinni, meðan þau halda sjer við strendur landsins og ekki fara hjeðan til útlanda.

2, hvort skip, sem kemur á höfn, er sýslumaður er búsettur á, en hittir svo á,
 að sýslumaðurinn er ekki heima, en hefir farið eitthvað, og sett fyrir sig umboðsmann
 til að afgreiða skip, sje ekki skyldur til að greiða umboðsmanni þessum, það auka af-
 greiðslugjald, sem ákveðið er með 9. grein opins brjefs 28. desbr. 1836.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar það, er hjer segir.

Við 1. Orðin í upphafi 1. greinar laga 10. okt. 1879: «hvert það skip — — er
 leggst í höfn einhversstaðar á Íslandi» benda á, að eingöngu þau skip skulu talin gjald-
 skyld, sem koma frá útlöndum til Íslands, og sama virðist hafa vakað fyrir löggjafar-
 valdinu, þegar síðan er skipað svo fyrir, að gjaldið skuli vera hið sama, hvort heldur
 skipið fer fram hjá vitanum «að eins aðra leiðina eða fram og aptur». Þegar þar
 að auki er haft tillit til þess, að gjaldfrelsi íslenzkra fiskiskipa beinlínis er bundið við,
 að þau eru á fiskiveiðaferðum, og engin ástæða er til að ætla að löggjafarvaldið hafi vilj-
 að hlífa þessum fiskiskipum fremur en öðrum skipum við að borga tjeð gjald, virðist mjer
 það liggja næst að ætla, að löggjafinn hafi viljað láta skip þau, sem koma hingað frá út-
 löndum, greiða vitagjald að eins einu sinni, meðan þau dvelja hjer við land, og án tillits
 til þess, hve opt þau fari fram hjá vitanum, á meðan þau dvelja hjer. Jeg get því eigi
 sjeð, að heimild sje til að heimta af póstgufuskipinu á strandsiglingum þess eða af út-
 lendum fiskiskipum á veiðiferðum þeirra, vitagjald optar en einu sinni frá því, að þau
 koma fyrst til landsins og fara hjeðan aptur alfarin í þeirri ferð.

Við 2. Gjaldið, er getur um í 9. grein tilskip, 28. desbr. 1836, er bundið því
 skilyrði, að skipið verði afgreitt af manni, er amtmaður hefir löggilt til að gegna af-
 greiðslum á höfn, er sýslumaður ekki er búsettur á. Jeg fæ því ekki sjeð, að sá um-
 boðsmaður, er sýslumaður setur til þess í forföllum sínum að framkvæma þessi störf, þar
 sem sýslumaðurinn er búsettur, geti gjört tilkall til nefnds gjalds.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr landssjóði. — 125*
 Í þóknanlegu brjefi frá 18. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til, að yður yrði **29. júlí.**
 veitt vald til af peningaafgangi viðlagasjóðsins, sem ætlað er, að muni við lok reiknings-
 ársins 1879 nema hjer um bil 62000 kr., að veita lán að upphæð allt að 50000 kr., þann-
 ig að þegar reikningurinn fyrir nefnt ár er fullsaminn, verði gjörðar nánari tillögur um,
 hve mikið af hinni annari peningaeign landssjóðsins við byrjun yfirstandandi fjárhags-
 tímabils skuli gjört arðberandi, og á hvaða hátt.

Út af þessu er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frækari ráð-
 stafanar, að tillagan er hjer með samþykkt.